



SKATTASTEFNA

Skattasérfræðingar Alcoa vinna í samstarfi við viðskiptafræðinga okkar til að veita fyrirbyggjandi, skilvirka skattabjónustu í samræmi við eftirfarandi skuldbindingar:

- Við fullnægjum öllum skyldum okkar varðandi tekjuskattsskýrslur og skil á þeim í samræmi við lög og reglur á samkeppnishæfu verði;
- Við þróum og innleiðum skattaáætlanir til að styðja við viðskiptamarkmið og hámarka sjóðstreymi eftir skatta;
- Við drögum úr skattaáhættu með ígrundaðri innleiðingu og skráningu og forvirkri þátttöku í löggjöf. Þar sem mögulegt er vinnum við náið með sveitarfélögum til að tryggja gagnsæi og við tökum þátt í endurskoðunaraðgerðum til að stytta endurskoðunarlotur og draga úr skattaáhættu;
- Við munum aðstoða við að þróa sjálfbæra, armslengdar verðlagningu á milli fyrirtækja;
- Við munum ekki þróa hjá okkur skattareglur eða taka afstöðu til skattframtala sem eru ekki líkleg til þess að standast skattaeftirlit;
- Við tökum ekki þátt í skattaáætlanagerð sem byggir á þagnarskyldu um starfsemi eða eignarhald í skattaskjólum eða leyndarlögsögu; og
- Við fylgjum eftir fjármála- og siðferðilegum stefnum og leiðbeiningum Alcoa.

Við erum staðráðin í að fara í einu og öllu eftir skattareglum og reglugerðum í lögsagnarumdæmunum þar sem við erum með skattalega skilaskyldu. Við erum með ýmis ferli varðandi skatta til að tryggja að framkvæmdastjórn okkar skilji skattalegar afleiðingar allra mikilvægra fyrirtækjaviðskipta, endurskoðunaruppgjöra og annarra mikilvægra skattamála á heimsvísu. Allir starfsmenn geta tilkynnt hvers kyns skattaáhyggjur til [Heilindalínunnar okkar](#) án þess að óttast hefndaraðgerðir.

Skattastefna okkar gildir um alla fyrirtækjaskatta, þar með talið tekjuskatt, virðisaukaskatt, söluskatt og eignarskatt.